

## Fundargerð

Fimmtudaginn 21. janúar 2021 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.















Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð.

### 1. Fundargerðir síðustu fundar

Farið var yfir fundargerðir af síðustu fundum og ákveðið var að fresta afgreiðslu fundargerðanna til næsta fundar.

### 2. Fundargögn

Afrit fundargagna eru rafrænt vistuð í skjalakerfi SRN

 Fjárhagserfiðleikar - yfirlit.pdf	 364 fundargerð 01 12 2020.docx
 Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021 - 2024 fyrri umræða docx.pdf	 365 fundargerð 08 12 2020.docx
 Svarbréf til EFS - Leigubústaðir Árborgar Leigubústaðir.pdf	 366 fundargerð 09 12 2020.docx
 Svarbréf til EFS - Sveitarfélagið Árborg rekstur.pdf	 367 Dagskrá fundar EFS 21 01 2021.docx
 Sveitarfélagið Árborg fjárhagsáætlun 2021-2024 seinni umræða.pdf	 367 fundargerð 17 12 2020.docx
 Viðauki við greinargerð fjárhagsáætlun 2021-2024 seinni umræða.p...	 Drög að starfsáætlun EFS 2021.doc
 Yfirlit um mál í vinnslu jan 2021.xlsx	 Fjárhagserfiðleikar - yfirlit.pdf

### 3. Staðan hjá Árborg

Til fundar við nefndina komu fulltrúar Árborgar; Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri, Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri, Helgi Sigurður Haraldsson formaður bæjarráðs og Gunnar Egilsson fulltrúi minnihluta. Í máli Gísla kom fram að undanfarin ár hefur verið um 7-10% fjölgun íbúa á hverju ári og gert er ráð að árleg fjölgun verði um 6% á næstu árum.

Ingibjörg fór yfir fjárhagsáætlun 2021-2024 og helstu forsendur sem liggja til grundvallar við áætlunina. Mikil fólksfjölgun hefur áhrif á fjárhagsáætlunina en gert er ráð fyrir að útsvarstekjur aukist um 8% á árinu 2021. Að sama skapi hækka aðrar tekjur vegna lóðasölu. Á hinn bóginn aukast útgjöld og þá sérstaklega launakostnaður, sem er m.a. vegna þess að verið er að taka nýja leik- og grunnskóla í notkun. Gert er ráð fyrir að skuldaviðmið fari yfir 150% á næsta ári og haldist yfir markinu út áætlunartímabilið.

Rætt var um að mikilvægi þess að það sé gert heildstætt mat, þegar verið er að skipuleggja nýtt hverfi, í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga sem fjallar um fjárhagslega áhrif vegna mikilla fjárfestinga. Við skipulagningu á nýju hverfi í landi Bjarkar hefur Árborg gert mat fyrir hvern áfanga en heildstætt mat hefur ekki verið gert.

Við yfirferð áætlunar sitja eftir nokkrir liðir sem nefndin telur ástæðu til að óska frekari upplýsingar um:

1. hvort fengist hafi staðfesting ráðherra varðandi Leigubústaði Árborgar ses í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 52/2016
2. hvort sveitarfélagið sé í ábyrgðum fyrir skuldbindingum leigufélagsins

3. hvort fjármögnun áætlaðara fjárfestinga rúmist innan lánaramma Lánasjóðs sveitarfélag en í áætlun er gert ráð fyrir vaxtakjörum lánasjóðsins vegna viðbótarlána
4. sundurliðun annarra tekna og vegna gatnagerðargjalda hvort tekið hafi verið tillit til allra kostnaðarliða sem þeim er ætlað að standa undir áður en til tekjufærslu kemur
5. sundurliðun fjármagnskostnaðar milli skammtímaskulda og langtímaskulda
6. sundurliðun á fjármagnstekjum
7. kostnaðarauka vegna nýrra skóla, bæði leikskóla og grunnskóla, hvernig dreift á tímabil en skilja mátti að gert væri ráð fyrir línulegri aukningu
8. þróun rekstrarniðurstöðu fyrir afskriftir og helstu skýringar á því að hún vex milli ára. Hækkun milli ára stafar af því að tekjur aukast umfram kostnað og er rétt að fá skýringa á helstu forsendum þess

Ákveðið var að senda bréf til Árborgar þar sem óskað er eftir svörum við ofangreindum liðum í tengslum við yfirferð fjárhagsáætlunarinnar.

4. **Framlag vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga vegna Covid-19 – niðurstaða**  
Lagt var fram yfirlit yfir úthlutuð framlög til sveitarfélaga vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga vegna Covid -19 sem veitt var í lok árs 2020. Úthlutuð framlög voru í samræmi við tillögur eftirlitsnefndar um aðferðafræði og forsendur sem notaðar voru við útreikning framlaganna.
5. **Drög að starfsáætlun**  
Umræðu frestað til næsta fundar.
6. **Verkefnaskjal**  
Umræðu frestað til næsta fundar.
7. **Önnur mál**  
Ákveðið að boða annan fund eftir um viku.

Fundi lauk kl. 12:00